

Nd.

## 177. Ágreiningsálit

um frv. til laga um verðtoll.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Jeg er ósamþykkur öllum hinum nefndarmönnum um niðurstöðuna í þessu máli, og sumum þeirra um tollmál yfir höfuð.

Landsbúið verður að leggja mikið í kostnað, meðal annars fyrir þá sök, að hjer eru engir sjóðir, sem stofnaðir sjeu til styrktar sjerstökum framkvæmdum. Landsjóður verður því að hlaupa alstaðar undir bagga. Það er því augljóst, að menn verða að sjá búi þjóðarinnar fyrir tekjum. Eru og allir á eitt sáttir um það, en þá skilur, er velja skal um leiðirnar.

Jeg tel það ekkert efamál, að rjettlátast væri að gera öllum landslýð útsvar eftir efnum og ástæðum. En tvær höfuðástæður eru til þess, að sú aðferð verður eigi höfð. Hin fyrri sú, að niðurjöfnun mundi reynast ókleif og eigi svo rjettlát á borði sem í orði. Hin síðari er sú, að alþjóð manna er þessari aðferð svo fráhverf, að það er frágangssök, að afla landsjóði tekna með þessum hætti.

Einu tekjulindirnar verða því skattar og tollar.

Háttvirtir samnefndarmenn hafa ritað langt mál um þessar tekjulindir og flokka þær svo:

1. Beinir skattar.
2. »Verðtollurinn«.
3. Vörutollurinn.

Jeg mun nú halda sömu flokkaskiftingu og vikja nokkrum orðum að hverjum flokki fyrir sig.

Þess vil jeg þó láta getið áður, að eg hygg það eigi rjett sagt, að hjer sje um þrjár stefnur að ræða. Mjer hefur skilist, að hjer væri eigi nema tvær stefnur: 1. beinir skattar og *vörutollur*, auk tolla á sjerstökum vörutegundum, og 2. beinir skattar og *verðtollur*, auk tolla á sjerstökum vörutegundum. Meñ hefir með öðrum orðum aðeins greint á um það, hvort fylla skyldi skarð áfengistollsins með *vörutolli* eða *verðtolli*.

### Beinir skattar.

Á þgsk. 167 er langt mál um það, hver ógjörningur það væri, »ef tollarnir ætti aðallega að flytjast yfir á fasteignir landsins«. Jeg læt mjer óviðkomandi, að athuga þær röksemdir. Því að jeg hefi eigi haldið því fram. Slikt yrði að minni hyggju eigi gerandi, nema á þann hátt einan, að landið, íslenska ríkið, ætti sjálf allar jarðeignirnar. Þá gæti eftirgjaldið orðið aðaltekjugrein, en tollar horfið.

Ef byggilegt land á Íslandi væri metið nærri sanni, þá mundi það vera 100,000,000 kr. virði. Væri nú þetta land rikiseign og selt á leigu við það hóf, sem nú er, hjer um bil 4% af matsverði jarðarinnar, þá hefði landsjóður 4,000,000 kr. í tekjur af jarðeign sinni. Að sjálfsögðu færi nokkuð í kostnað af

Þessu eftirgjaldi, en hins ber og að gæta, að tekjuskattur og húsaskattur og eignaskattur mundi þá draga langt til þess að fylla þörf landsjóðs. Mundi þá lítt þurfa tolla við.

Væri nú jarðeign svo háttað, sem nú var sagt, þá mundi þó verða að gera gagnólik ábúðarlög þeim, sem nú eru, ef vel ætti að fara. Landsetar landsins yrði að hafa erfðafestuábúð á bletti sínum og eiga auk þess sjálfir mannvirki sín og endurbætur á honum; og gengi það að erfðum og væri keypt af mönnum til landseignar, ef þeir mætti eigi lengur sitja blettinn. Verður hjer eigi lýst nánar þeim leigukjörum, sem til þarf, til þess: 1. *að leiguliðum verði ábúðin jafn-hagfeld sem sjálfsábúð*, 2. *hvötin til jarðabóta jafn-sterk sem hjá sjálfs eignarbændum*, og 3. *að ríkið fái meginíð af tekjum sínum í eftirgjaldi eftir jarðeignir sínar*.

Með þessum hætti hyggja sumir menn, að takast mætti að losna við tolla. Og telja þeir það æskilegt fyrir þá sök, að allir tollar koma illa niður. Enginn veit, hvar óskytja ör geigar. Hinu munu fáir halda fram, að gerandi sje að fella niður tolla og láta fasteignaskatt koma í staðinn, meðan svo er hátt að jarðeign og ábúð sem nú er. Það mundi blátt áfram leiða til þess, að leiguliðar yrðu að gjalda tvöfalt eftir: landsjóði og jarðeiganda. Mundi því ógjörningur að leggja svo háan skatt á fasteignir, að komist yrði hjá tollum. Þó má vel vera, að hækka mætti fasteignaskatt nokkuð úr því, sem nú er, en af því mundi ekki leiða neitt af þeim voða, sem talinn er í nefndarálitinu á þgskj. 167. En þá þarf tolla.

En hugsum oss nú, að þessi tollanefnd legði það til við Alþingi, að breyta stefnu í það horf, sem getið var hjer að framan, að láta tolla hverfa og eftirgjald af jörð koma í staðinn, og hugsum oss, að þingið fjellist á það. En vjer mundum þó eftir sem áður verða að leita landsjóði tekna með tollum. Því að langur tími mundi líða, þangað til íslenska ríkið hefði eignast allar jarðir á landinu. Mig rekur því enginn nauður til að rekja þetta mál lengur að sinni.

Þá kem jeg að deiluefninu, sem er: Hvort er nú rjettara að auka tekjur landsjóðs með vörutolli eða verðtolli?

### Vörutollur og verðtollur.

Vörutollur er lagður á, eftir þyngd, og er það eitt nægilegt, til þess að að hverjum manni sje það í augum uppi, að hann er lagður á í blindni. Þegar mál þetta var á ferðinni í þessari deild 1912, var samin skýrsla um það, hvernig verðtollur og vörutollur koma niður, sjá Alþt. 1912 A., bls. 322, þingskjal 202. Þar má sjá, að eftir vörutollslögunum, sem þá voru og á ferðinni, átti að gjalda 2 kr. í toll af kritt fyrir 3.40 kr., en eftir verðtollslögunum 10 aura; af leirvörum fyrir 90 kr. átti að gjalda 24 kr. í vörutoll, en 2.70 kr. í verðtoll; af sóða fyrir 4.50 kr. 2 kr. í vörutoll, en 13<sup>1</sup>/<sub>2</sub> eyri verðtoll; af jarðeplatunnu fyrir 5 kr. átti að gjalda 2 kr. í vörutoll, en 15 aura í verðtoll; af einni smálest af kolum, venjul. á 8 kr., átti að gjalda 1 kr. í vörutoll, en 24 aura í verðtoll. Taflan sýnir og að verðtollur 3% kemur lítið þyngra niður á kornvörum, en hinn, og miklu ljettar á smjörlíki og finni brauðtegundum. Þetta nægir til þess að sýna,

hver blindingsleikur slík löggjöf er. Raunar á að draga úr þessu með flokkuninni, en hversu vel það tekst má sjá, ef menn vilja bera saman toll af silki og ódýrri vefnaði, á gulli og gimsteinum annars vegar og grænsápu hins vegar. Mun þá hverjum manni verða það auðsætt, að flokkunin dregur nauðalítið úr blindni tolltekjunnar, en ónýtir hins vegar trygging þá, gegn tollsvikum, er í því mundi liggja, að flokkunin væri eigi.

Einkennilegt má það heita, er menn telja tollsvik vera torveld eftir vörutollslögunum, þar sem hverjum manni hlýtur að vera það auðskilið, að enginn hlutur er auðveldari, en að senda vörur undir lognu nafni, eða með öðrum orðum, að haga umbúðum svo, að varan komi í ódýrri flokk, en vera ber. Er það t. d. alkunna, að glysvarning senda sumir undir nafninu »grove Jærnvarer«, en miklu fleira mun þó af þessu leikið, en menn grunar. Kaupmenn hjer geta auðvitað beðið erlenda viðskiftamenn sína að senda sjer vörur í tilteknum umbúðum, og gera útlendingarnir það, án þess að þeir viti, í hverju skyni það er gert, og geta því haldið fullkomnum heiðarlegleik sínum, en kaupreikninga munu heiðarlegir menn eigi fást til að falsa.

Hjer er í stuttu máli sýnt, að grundvöllurinn undir vörutollslögunum er ekki annað en sandur, og rennur hann út á milli fingra löggjafans, ef hann tekur til og vill reyna tryggleik hans. Höf. margnefnds álits telur hann fimmfaldan, en allir þættirnir eru ónýtir.

1. Að hafa þunga vörunnar fyrir tollgrundvöll, stríðir á móti heilbrigðri skynsemi.
2. Nafn vörunnar á farmskrá, er engin trygging, og langtum lakari en kaupreikningur.
3. Það er rangt að flokkaskiftingin sje bygd á *verðmæti*, hún er bygd á *umbúðum*, sbr. 5. lið hjá höf. álitsins.
4. Munurinn á flokkunum er nægur til þess, að vel borgar sig að villa um flokka
5. Tilraunin »að óhægt sje að hafa vörur eins flokks í samskonar umbúðum og vörur einhvers annars flokks« hefir mistekist og hlaut að mistakast.

Jeg ber ætíð virðing fyrir þekkingunni. Þar sem því höf. álitsins segist hafa fullkomna verslunar-þekking og hennar þurfi við til þess, að semja slík lög, þá þóttist jeg varbúinn við, að deila um þessi efni við hann. En nú taldi jeg víst, að fleiri hefði all-góða verslunar-þekking, þótt ekki viti jeg, hvort hún er fullkomin. Fór jeg því til kaupmanna, sem taldir eru vel að sjer og hygnir menn, og bar þetta mál undir þá. Voru þeir mjer yfir höfuð samdóma um samanburðinn á þessum tvennum toll-lögum, og töldu fyrir mjer ýms dæmi þess, hvernig mætti villa vöruflokk, t. d. flytja silki með nótagarni, glysvarning undir jærnvörunafni o. s. frv. Farmskráin er eigi tryggur grundvöllur, að þeirra dómi, því að þeir skoða eigi hvort rjett sje til innihalds sagt, er farmskrána rita, og eigi heldur yfirvald eða ræðismaður á fermingarstaðnum. Geta þeir því enga ábyrgð borið á því, að eigi sje vilt um flokka eða nöfn á vöru-sendingunni. En þar með er þá höfuðkosti vörutollsins, sem ritari nefndarinnar telur, snúið í villu. Hitt telja fyr greindir kaupmenn langtum tryggari grundvöll, að byggja á kaupreikningi, því að bæði er skjalafals svo illa þokkað brot, að menn fremja það alls eigi eða þá eigi nema til mikils sje að vinna, og auk þess margfalt hættulegra, ef upp kemst, en einföld tollsvik. Það töldu þeir og víst, að erlendir menn mundu eigi þora að senda lægri kaupreikning en vera bæri, þótt ekki væri af öðru en skynsamlegum ótta við, að þeir fengi þá aldrei hið rjetta verð af viðtakanda.

Eftir þessu er þá sannað, að verðtollurinn er rjettlátlegri, handhægari og visari í hendi. Svo jeg fari að dæmi háttv. mótstöðumanns, míns tel jeg hjer yfirburði verðtollsins yfir vörutollinn í nokkrum liðum :

1. Grundvöllurinn er dýrleiki vörunnar, og verðtollur er því miklu nær því en hinn að koma niður eftir efnunum og ástæðum. Þessi grundvöllur er því í samræmi við heilbrigða skynsemi.
2. Tollurinn er lagður á eftir kaupreikningi og þarf því engar vörur að rannsaka, en miklu meiri trygging að rjett sje sagt til verðs en vörunafns.
3. Að ekki þarf að flokka, og þótt misjafnt % gjald væri lagt á, þá getur innheimtumaður talið sjálfur saman hina ýmsu gjaldgjafa við skrifborðið sitt.
4. Tollurinn er svo lágur, að engum mun þykja borga sig að leggja brjefalhættu á mannorð sitt til þess að komast undan honum.
5. Tollurinn kemur með skilum í landssjóð, með lítilli fyrirhöfn og litlum kostnaði, því að tollsvik verða engin þar sem svo mikið liggur við, nl., að sá sem falsar reikninga, missir alla tiltrú, jafnvel þótt hann stýri undan refsingu og um þenna toll er það akkert ófugmæli, að hann geti komið rjettlátlega niður.

Ályktunarorðin tek jeg úr álitni nefndarritarans: »Af þessu, sem að framman er sagt, er augljóst, að ekkert tollfyrirkomulag, sem enn er þekt hjer á landi, er jafn ábyggilegt og kostnaðarlítið í samanburði við trygginguna sem það veitir fyrir því, að tollarnir komi skilvíslega í landssjóð eins og« verðtollur.

Tillaga mín er því að verðtollsfrv. verði samþykkt með þeim breytingum, er jeg mun bera fram á sjerstöku þingskjali.

»Þeim heiður, —«

Útflutningstollur er enginn tollur, heldur atvinnuskattur á einstökum stéttum. Menn þurfa ekki að stíga í vitið til þess að sjá, að útflutningsgjald á fiski lendir beinlínis og eingöngu á fiskimönnum og útgerðarmönnum. Aðrar stéttir taka þar engan þátt í, því að erlendi markaðurinn ræður fiskverðinu. Svo er um alt útflutningsgjald. En þeim tel jeg bera lítinn heiður, sem leggja skatt á einstakar atvinnugreinir í landinu.

Þessi ósómi þarf að hverfa, og skora jeg því á stjórnina að taka skatta og tolla til ihugunar og finna ráð til að fylla þörf landssjóðs, án þess að slíkt hneykslisákvæði sje framar í lögum vorum.

Alþingi 31. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.